



**ORKUSTOFNUN**

**Rannsóknasvið**

## **GPS-mælingar á Austurlandi vegna tengingar þríhyrninga- neta við landsnet með viðmiðun ÍSN93**

**Gunnar Þorbergsson, Orkustofnun  
Ingvar Þór Magnússon, Landmælingum Íslands  
Jón S. Erlingsson, Vegagerðinni  
Theodór Theodórsson, Landsvirkjun  
Örn Jónsson, Landssímanum**

**Unnið fyrir auðlindadeild Orkustofnunar**

**1998**

**OS-98043**





**ORKUSTOFNUN**

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík


Verknr. 520 525

**Gunnar Þorbergsson, Orkustofnun  
Ingvar Þór Magnússon, Landmælingum Íslands  
Jón S. Erlingsson, Vegagerðinni  
Theodór Theodórsson, Landsvirkjun  
Örn Jónsson, Landssímanum**

**GPS-mælingar á Austurlandi  
vegna tengingar þríhyrninganeta  
við landsnet með viðmiðun ÍSN93  
Unnið fyrir auðlindadeild Orkustofnunar**

**OS-98043**

**Ágúst 1998**

**ORKUSTOFNUN**

Grensásvegi 9, 108 Reykjavík

Lykilsíða

<b>Skýrsla nr.:</b> OS-98043	<b>Dags.:</b> Ágúst 1998	<b>Dreifing:</b> <input checked="" type="checkbox"/> Opin <input type="checkbox"/> Lokuð til
<b>Heiti skýrslu / Aðal- og undirtitill:</b> GPS-MÆLINGAR Á AUSTURLANDI VEGNA TENGINGAR ÞRÍHYRNINGANETA VIÐ LANDSNET MEÐ VIÐMIÐUN ÍSN93	<b>Upplag:</b> 40	
	<b>Fjöldi síðna:</b> 67	
<b>Höfundar:</b> Gunnar Þorbergsson, Orkustofnun Ingvar Þór Magnússon, Landmælingum Íslands Jón Erlingsson, Vegagerðinni Theodór Theodórsson, Landsvirkjun Örn Jónsson, Landssímanum	<b>Verkefnisstjóri:</b> Gunnar Þorbergsson	
<b>Gerð skýrslu / Verkstig:</b> Svæðisbundnar landmælingar/ Tenging mælineta	<b>Verknúmer:</b> 520 525	
<b>Unnið fyrir:</b> Auðlindadeild Orkustofnunar		
<b>Samvinnuaðilar:</b> Landmælingar Íslands, Landssíminn, Landsvirkjun, Orkustofnun, Vegagerðin		
<b>Útdráttur:</b> Greint er frá undirbúningi, framkvæmd og úrvinnslu GPS-mælinga í 48 mælistöðvum (auk stöðva, sem mælt var frá) á Austurlandi, aðallega í þríhyrninganetum Orkustofnunar. Síðar á að endurreikna þríhyrninganetin og kort, sem styðjast við þau, með viðmiðun ÍSN93. Mælingarnar fóru fram 20/8-28/8 1997 og 30/6-1/7 1998 með fimm GPS-landmælingatækjum, þremur frá Vegagerðinni og tveimur frá Landsvirkjun. Mælingamenn, aðstoðarmenn og bílar komu frá öllum samstarfsaðilum. Verkið er fyrsti hluti samstarfsverkefnis, sem áætlað er að standi í fimm ár.		
<b>Lykilorð:</b> Austurland, GPS, ÍSN93, kortagerð, landsnet, viðmiðun, þríhyrninganet	<b>ISBN-númer:</b>	
	<b>Undirskrift verkefnisstjóra:</b> <i>Gunnar Þorbergsson</i>	
	<b>Yfirfarið af:</b>	

## EFNISYFIRLIT

	Bls.
1 INNGANGUR .....	3
2 UNDIRBÚNINGUR .....	3
3 MÆLINGAR .....	7
3.1 GPS-mælingar 1997 .....	7
3.2 GPS-mælingar 1998 .....	7
3.3 Tæki og stillingar .....	9
4 ÚRVINNSLA .....	11
4.1 Rúmvektorar .....	11
4.2 Jöfnun .....	11
5 NIÐURSTÖÐUR .....	15
6 HEIMILDIR .....	20
VIÐAUKI I: Mældir rúmvektorar .....	21
VIÐAUKI II: Stöðvarlýsingar .....	43

## MYNDASKRÁ

	Bls.
1 Annarrar gráðu net Orkustofnunar á Norðausturlandi .....	4
2 Jöfnun GPS-mælinga .....	12

## TÖFLUSKRÁ

	Bls.
1 Mælistaðir við GPS-mælingar 1997-1998 .....	5
2 GPS-mælingar á Austurlandi 1997-1998 .....	8
3 4400SSi og TDC1 .....	9
4 GPS-mælingar 1997 - Loftnetshæðir o.fl. ....	10
5 Yfirlit yfir niðurstöður jöfnunar .....	13
6 Stillingar og aðgerðir við jöfnun .....	14
7 Baugahnit og hæðir yfir sporvölu .....	16
8 Keiluhnit og hæðir yfir sporvölu .....	18

## 1. INNGANGUR

Á fundi á Orkustofnun 25. mars 1997 voru orkumálastjóri, aðstoðarvegamálastjóri, forstjóri Landmælinga Íslands og yfirmaður grunnrannsóknna á umhverfisdeild Landsvirkjunar saman komnir ásamt fleirum til að ræða landmælingastarfsemi stofnana sinna.

Þar kynnti Gunnar Þorbergsson lauslega áætlun um GPS-mælingar og útreikninga til að koma þrífyrninganetum og kortum Orkustofnunar inn í nýja viðmiðun ÍSN93. Jafnframt átti að koma mælipunktum annarra stofnana, sem þátt taka í verkinu, inn í hina nýju viðmiðun eftir því sem tími gæfist til.

Menn frá Orkustofnun, Landmælingum Íslands, Landsvirkjun og Vegagerðinni voru skipaðir í vinnuhóp til að vinna að þessu verkefni. Póstur og sími, nú Landssíminn hf, tilnefndi mann í vinnuhópinn skömmu eftir fundinn. Höfundar þessarar skýrslu og Eymundur Runólfsson, Vegagerðinni eru í vinnuhópnum.

Vinnuhópurinn kom saman 16. júní og ákvað þá að mæla skyldi á Austurlandi síðari hluta ágústmánaðar. Um þessar mundir voru Landmælingar Íslands og Orkustofnun að hugleiða að kaupa þrjú GPS-viðtæki, en nú var orðið ljóst að ekkert yrði úr því.

Gert var ráð fyrir að nota þrjú tæki Vegagerðarinnar, tvö tæki Landsvirkjunar og tvö tæki, sem Hönnun og ráðgjöf hf á Egilsstöðum var fús til að lána okkur. En mæliplön fyrir fimm og sjö tæki voru til reiðu.

GP fór í 10 daga leiðangur í júlí til að kanna akstursleiðir í ýmsar mælistöðvar og IPM kannaði einnig mælipunkta, aðallega vestan Jökulsár á Fjöllum.

Mælingarnar fóru síðan fram 20.-28. ágúst með fimm tækjum, þar sem Hönnun og ráðgjöf hf þurfti nauðsynlega að nota sín tæki. Vegagerðin og Orkustofnun biðu færðis til að nota þyrlu við að mæla í fjórum mælistöðvum, en því var loks frestað til vorsins 1998.

## 2. UNDIRBÚNINGUR

Mynd 1 sýnir 2°-net Orkustofnunar á Norður- og Austurlandi. Meðal mælistöðva eru Mælifellshnjúkur MFH, Herðubreið HERD, Smjörfjöll SMJR og Afréttartindur AFRT. Á myndinni eru stöðvar, þar sem ráðgert var að GPS-mæla eða þegar hafði verið GPS-mælt, merktar sem fylltir ferningar. Vegna Kröfluelda er ekki ráðgert að endurreikna allt netið í einu lagi. Austurhluti netsins, sem fyrst á að umreikna með viðmiðun ÍSN93, takmarkast af stöðvum HAUG, FRG, HERD og VADA. Fjöldi annarra þrífyrningamælistöðva tengist 2°-netinu.

Fleiri teikningar af þrífyrninganetum Orkustofnunar, stöðvarlýsingar og myndir úr hugskotum mælingamanna voru notaðar við að velja stöðvar til GPS-mælinga. Þeim var skipt niður í hópa, sem mæla átti samtímis í sjö stöðva eða fimm stöðva lotum. Myndir voru teiknaðar, sem sýndu röðun stöðva í lotur og hvernig mæliflokkum var raðað á stöðvar. Myndirnar verða ekki sýndar hér en þeim svipar til myndar 2 í þessari skýrslu. Sömu upplýsingar er að finna á öðru formi í töflu 1. Hún sýnir hvernig mælingarnar fóru fram með fimm tækjum.

Í könnunarleiðangri voru gamlar stöðvarlýsingar endurskoðaðar og meiri áhersla lögð á leiðarlýsingu en áður hafði verið gert. Nú voru lýsingarnar miðaðar við að nota GPS-leiðsögutæki til að finna leiðina í mælistöð. Stöðvarlýsingar eru í viðauka II.

Skilyrði til mælinga (fjöldi mælitungla og fleira) voru athuguð fyrir fram. Talið var að mæling í tvær klukkustundir við góð skilyrði væri æskileg og að stefna bæri að mælingu fyrir og eftir hádegi í tvær til tvær og hálf klukkustund í senn.

Tæki Vegagerðarinnar (Trimble 4000SSi) og tæki Landsvirkjunar (Trimble 4400SSi) voru prófuð saman í nágrenni Reykjavíkur og unnið úr mælingunum á Vegagerðinni til að mælingamenn væru öruggir með mæliaðferðir sínar þegar á mælisvæðið kæmi.



Tafla 1. Mælistaðir við GPS-mælingar 1997-1998

Lota	Flokkur	Vestur	Norður	Hæð	Nafn	Ath	Númer	Lýsing	Gert
1	VR1	333182	570752	38	0336		LM0336	Geirastaðaklettur	OS92
	VR2	332070	533544	78	0339		LM0339	Egilsstaðir	OS92
	PS	331182	546369	61	L013	*4B	OS5713	Eiðar vestan	OS75
	LM	328913	568431	66	7150	*3B	OS7150	Móberg NNV	OS83
	LV	318179	569201	112	7151	*3B	OS7151	Hrafnabjörg	OS83
1A	VR1	333182	570752	38	0336		LM0336	Geirastaðaklettur	OS92
	VR2	332070	533544	78	0339		LM0339	Egilsstaðir	OS92
	LM	330888	564883	55	L001	*4B	OS5701	Dratthallastaðir	OS75
	LV	332521	560546	49	L004	*4BF	OS5704	Völsungi	OS75
	PS	331182	546369	61	L013	*4B	OS5713	Eiðar vestan	OS75
2	VR1	333182	570752	38	0336		LM0336	Geirastaðaklettur	OS92
	VR2	332070	533544	78	0339		LM0339	Egilsstaðir	OS92
	PS	339264	554151	219	5464	*4B	OS5464	Blöndugerði austan	OS77
	LM	337669	572915	81	7152	*3B	OS7152	Jökulsárhlið	OS83
	LV	342705	553065	128	7449		OS7449	Brúarás (gróf hnit)	OS87
2A	VR1	333182	570752	38	0336		LM0336	Geirastaðaklettur	OS92
	VR2	332070	533544	78	0339		LM0339	Egilsstaðir	OS92
	PS	329700	534958	96	L021	*4BF	OS5721	Steinholt austan	OS75
	LV	334126	530915	88	L025	*4B	OS5725	Höfði	OS75
	LM	342733	553095	128	7449		OS7449	Brúarás	OS87
3	VR2	332070	533544	78	0339		LM0339	Egilsstaðir	OS92
	VR1	361308	508171	644	0341		LM0341	Bessastaðaá S	OS92
	LM	346564	520890	181	2053	*3B	OS2053	Hrafngerðisbjarg	OS75
	LV	335958	526006	54	L027	*4BF	OS5727	Eyjólfstaðir NA	OS75
	PS	341646	505975	465	7450	*3B	OS7450	Pingmúli	OS87
4	VR1	361308	508171	644	0341		LM0341	Bessastaðaá S	OS92
	LM	346564	520890	181	2053	*3B	OS2053	Hrafngerðisbjarg	OS75
	PS	342386	520770	48	L031	*4BF	OS5731	Mjóanes	OS75
	LV	355657	508891	42	L042	*4BF	OS5742	Bessastaðarétt	OS75
	VR2	356144	504810	39	L045	*4BF	OS5745	Ytri-Viðvellir norðan	OS75
5	LV	402515	505326	912	ALFT	*2B	OS5305	Áftadalsfjall	OS69
	LM	449124	486806	853	DJ	*3B	OS5466	Dyngjujökull norðan	OS71
	PS	410594	522041	711	ADA	*3B	OS5873	Arnardalsalda	OS79
	VR2	416413	521127	490	7472		OS7472	Herðubreiðarlindir	OS87
	VR1	435899	472284	810	8434		RH8434	Kverkfjöll	RH84
6	VR1	384948	527706	605	7012		OS7012	Grunnavatnsalda	OS81
	VR2	414722	553703	424	7442		OS7442	Króksmelsfellur	OS87
	PS	391513	556830	1036	THJO	*2BV	LM0166	Þjóðfell	OS71
	LV	385009	552167	634	AX	*4B	OS7148	Axlir	OS83
	LM	411222	541292	563	FRF	*3B	OS5357	Fremstafell	OS80
7	VR2	377273	487885	687	0342		LM0342	Laugarfell SV	OS92
	VR1	384949	527705	605	7012	*4B	OS7012	Grunnavatnsalda	OS81
	PS	391031	496471	834	BF	*3B	OS5433	Búrfell	OS74
	LV	386603	504742	834	FK	*3B	OS5438	Fjallkollur	OS74
	LM	385874	518708	637	7013	*4B	OS7013	Fiskidalsháls	OS81

Hnit eru í kerfi Lamberts með viðmiðun Hjörsey-1955 og hæðir eru yfir sjó



Tafla 1. Mælistaðir við GPS-mælingar 1997-1998 (framhald)

Lota	Flokkur	Vestur	Norður	Hæð	Nafn	Ath	Númer	Lýsing	Gert
8	VR2	377273	487885	687	0342		LM0342	Laugarfell SV	OS92
	VR1	391700	466923	845	0518		LM0518	Hátunga A	OS92
	LM	391368	474210	1005	FH	*3B	OS5441	Fitjahnjúkur	OS95
	PS	382057	486676	1161	NAL	*2B	OS5457	Nálhúshnjúkar	OS74
	LV	380820	479645	720	SNF	*4B	OS5802	Snæfell norðaustan	OS79
9	VR2	361308	508171	644	0341		LM0341	Bessastaðaá S	OS92
	VR1	377273	487885	687	0342		LM0342	Laugarfell SV	OS92
	PS	366958	503604	640	GVS	*3BF	OS5634	Gilsárvoðn suðaustan	OS79
	LV	364735	505989	638	HVA	*4BF	OS5635	Hólmsvatn vestan	OS79
	LM	374673	494661	664	STL	*3B	OS5640	Stórlækur norðan	OS79
10	LV	339244	493806	464	0343		LM0343	Breiðdalsheiði	OS92
	VR1	321435	466727	11	0346		LM0346	Djúpivogur A	OS92
	VR2	329797	479589	34	5610	*3B	OS5610	Kelduskógar	OS74
	PS	332128	464025	100	7460	*3B	OS7460	Bragðavellir SA	OS87
	LM	338265	457820	80	7462	*3B	OS7462	Múli	OS87
11	VR/OS	377273	487885	687	0342		LM0342	Laugarfell SV	OS92
	VR/OS	355212	488193	959	HORN	*2BV	OS5425	Hornbrynja	OS74
	VR/OS	356540	470993	973	JKH	*2B	OS5460	Jökulhæðir	OS76
12	VR/OS	412396	557228	874	FRG	*2B	OS5017	Fremri Grímsstaðanúpur	OS71
	VR/OS	404134	564155	728	DIM	*3HV	OS7001	Dimmifjallgarður	OS80
	VR/OS	414722	553703	424	7442		OS7442	Króksmelsshellur	OS87
13	LM	369702	538528	794	SKJL	*2BV	LM0176	Skjöldólfsstaðahnjúkur	OS74
	VR2	354343	543368	147	0340		LM0340	Hofteigur	OS90
	LV	377806	536659	652	7010	*4B	OS7010	Langahlíð	OS81
	PS	384948	527706	605	7012		OS7012	Grunnavatnsalda	OS81
	VR1	375950	541333	678	SK	*4B	OS7149	Skjaldklofi	OS83
14	VR2	361308	508171	644	0341		LM0341	Bessastaðaá S	OS92
	VR1	377273	487885	687	0342		LM0342	Laugarfell SV	OS92
	PS	362617	501365	69	5621	*4BE	OS5621	Glúmsstaðir syðri	OS75
	LM	387178	484309	847	7492		OS7492	Grábergshnjúkar SV	OS90
	LV	377723	481665	660	7263		OS7263	Snæfellsnes	OS84
14A	VR2	361308	508171	644	0341		LM0341	Bessastaðaá S	OS92
	VR1	377273	487885	687	0342		LM0342	Laugarfell SV	OS92
	PS	362617	501365	69	5621	*4BE	OS5621	Glúmsstaðir syðri	OS75
	LV	358129	504902	47	5624	*4BF	OS5624	Hvammur NA	OS75
	LM	372660	494863	647	5877	*5BF	OS5877	Axará sunnan	OS79
16	LM	308164	537887	47	0338		LM0338	Sörlastaðaá	OS92
	VR2	332070	533544	78	0339		LM0339	Egilsstaðir	OS92
	PS	325105	530112	950	GAGN	*2BV	OS5434	Gagnheiðarhnjúkur	OS71
	LV	314716	532977	67	F001	*4B		Fjarðarsel (gróf hnit)	OS53

Hnit eru í kerfi Lamberts með viðmiðun Hjörsey-1955 og hæðir eru yfir sjó

### 3. MÆLINGAR

#### 3.1 GPS-mælingar 1997

Mælingamenn óku til Egilsstaða 19. ágúst og gistu í þremur smá húsum að Skipalæk. Þar sem mælitæki voru fimm en ekki sjö, tók GP að sér starf leiðsögumanns, en aðrir höfundar skýrslunnar og Halldór Hauksson, Vegagerðinni mældu. Í þremur mæliflokkanna voru aðstoðarmenn. Í töflu 2 má greina hver mældi hvenær í hverri mælistöð.

Að morgni 20. ágúst var tækjum skipt milli mæliflokka og notkun þeirra æfð, en síðan var ekið suður á bóginn og mælt við Kelduskóga í Berufirði, Bragðavelli í Hamarsdal og Múla í Geithellnadal auk tveggja grunnstöðva.

Þann 21. ágúst var mælt fyrir og eftir hádegi austan Fljóts á Úthéraði og 22. ágúst á Búrfelli, Fjallkollu og Fiskidalshálsi fyrir hádegi og á Lönguhlíð, Skjaldklofa og Skjöldólfsstaðahnjúk eftir hádegi auk tveggja grunnstöðva í hvort sinn. Á Skjöldólfsstaðahnjúk var notuð stokkplata, sem fest var með þvingum ofan á signalstokk.

Þann 23. ágúst var hafist handa kl. 6, enda langur akstur fyrir höndum. Fyrir hádegi var mælt á Þjóðfelli (stokkplata), Öxlum og Fremstafelli auk grunnstöðva, en eftir hádegi á Arnardalsöldu, Álftadalsfjalli (stokkplata), stöð 5466 norðan Dyngjujökuls og í grunnstöðvum í Herðubreiðarlindum og Kverkfjöllum. Þetta var langur vinnudagur.

Þann 24. ágúst var mælt á Úthéraði norðan Fljóts og í nágrenni Egilsstaða og 25. ágúst við Lagarfjót og í Fljótsdal, en 26. og 27. ágúst voru mældar fjórar lotur á Fljótsdalsheiði og í Norðurdal. Þann 28. ágúst var mælt fyrir hádegi á Gagnheiðarhnjúk og við Fjardarselsvirkjun og í tveimur grunnstöðvum. Svo héldu mælingamenn á brott.

Mælingamenn Vegagerðarinnar og Orkustofnunar fylgdust með veðri úr fjarlægð í von um að geta notað þyrilu við að ljúka mælingum í fjórum stöðvum til viðbótar, en eftir þyrilusýsið við Hamarsdal var mælingunum frestað.

#### 3.2 GPS-mælingar 1998

Þann 30. júní 1998 fóru GP og JE með þrjú GPS-landmælingatæki Vegagerðarinnar af stað til mælinga í lotu 11 á Hraunum og lotu 12 í nágrenni Möðrudals. Farið var í þyrilu af gerð "Long Ranger" frá Þyrilufjónustunni. Þyriluflugmaður var Jón Kjartan Björnsson.

Lagt var af stað kl. 1330 frá Reykjavík og flogið að grunnstöð OS7442 við fjallveg F88 skammt suðvestan við Fremri-Grímsstaðanúp. Tækjum var stillt upp í grunnstöðinni og síðan í stöð OS5017 uppi á Fremri-Grímsstaðanúp og í stöð OS7001 á Dimmafjallgarði og mælt samtímis í 2,5 klst.

Loftnetshæðir voru 1,102 m í OS7442, 1,117 m í OS5017 og 1,107 m í OS7001. Allt eru þetta óleiðréttar (uncorrected) loftnetshæðir, mældar skáhalt frá bolta (nagla í hæl í OS7001) að neðra borði jarðskífu (groundplane) við raufir í hringferli hennar.

Við biðum í OS7001 á meðan á mælingu stóð, tókum svo tækin niður og flugum af stað til Egilsstaða, en þurftum að lenda við Skjöldólfsstaði, þar sem eldsneyti var næstum þrotið. Við fengum eldsneyti sent frá Egilsstöðum, flugum þangað og gistum þar.

Daginn eftir settum við nýtt hæðarmerki OS7551 í flugskýli. Það á að koma í stað OS7144 í flugstöð. Við flugum svo að Hornbrynju (OS5425), Jökulhæðum (OS5460) og grunnstöð LM0342 suðvestan Laugarfells og stilltum tækjunum upp í stöðvunum þremur og mældum í þrjár klukkustundir.

Loftnetshæðir voru 1,192 m í OS5425, 1,114 í OS5460 og 0,121 m í LM0324 og er þá átt við óleiðréttar skáfjarlægðir í tveimur fyrr nefndu stöðvunum, en leiðréttá lóðrétta hæð yfir skrúfubolta í stöpli í LM0324.

Við biðum við gangnamannakofa og laug við Laugará á meðan á mælingu stóð, sóttum svo tækin, flugum til Egilsstaða og þaðan fóru GP og JE til Reykjavíkur með Flugfélagi Íslands, en þyrilan varð eftir á Egilsstöðum, þar eð nota átti hana við vatnamælingar á Hraunum.

Tafla 2. GPS-mælingar á Austurlandi 1997-1998										
					Mæliflokkur og mælistöð í hvert sinn					
Ár	Dags.	Dagur	Lota	Tími	LM (IPM)	LV (TT)	PS (ÖJ)	VR1 (JE)	VR2 (HH)	OS (GP)
1997	20/8	232	10	1530-1800	7462	0343	7460	0346	5610	(7462)
1997	21/8	233	1 1A	1000-1230 1530-1800	7150 5701	7151 5704	5713 5713	0336 0336	0339 0339	
1997	22/8	234	7 13	1000-1230 1530-1800	7013 SKJL	FK 7010	BF 7012	7012 SK	0342 0340	(SKJL)
1997	23/8	235	6 5	1000-1230 1600-1830	FRF DJ	AX ALFT	THJO ADA	7012 8434	7442 7472	(AX) (ALFT)
1997	24/8	236	2 2A	1000-1230 1530-1800	7152 7449	7449 L025	5464 L021	0336 0336	0339 0339	
1997	25/8	237	3 4	1000-1230 1530-1800	2053 2053	L027 L045	7450 L031	0341 0341	0339 L042	
1997	26/8	238	8 9	1000-1230 1530-1800	FH STL	SNF HVA	NAL GVS	0518 0342	0342 0341	(SNF)
1997	27/8	239	14 14A	1000-1230 1500-1730	7492 5877	7263 5624	5621 5621	0342 0342	0341 0341	
1997	28/8	240	16	0900-1200	0338	F001	5434		0339	
Ár	Dags.	Dagur	Lota	Tími				VR1 (JE/GP)	VR2 (JE/GP)	VR3 (JE/GP)
1998	30/6	181	12	1642-1913				7442	5017	7001
1998	1/7	182	11	1041-1348				0342	5425	5460

### 3.3 Tæki og stillingar

Tækin voru stillt til að mæla á 15 sekúndna fresti frá gervitunglum, sem voru minnst 15° yfir sjóndeildarhring. Öll tækin voru vöktuð á meðan á mælingu stóð.

Í Trimble 4000SSi tækjunum er gögnunum safnað í minni í tækjunum sjálfum. Skjár og lyklaborð eru framan á tækinu og þar er kveikt á því, stillingar varðandi mælingarnar færðar inn og slökkt að mælingu lokinni. En TDC1 handtölva með 4MB minni er tengd við 4400SSi viðtækið þegar stillt er upp. Skjárinn og lyklaborðið á handtölvunni eru notuð við að gefa fyrirmæli um hvernig mælingunni skuli háttáð, en síðan skráir viðtækið mælingarnar í minni handtölvunnar.

Með báðum tegundum viðtækjanna fylgja handbækur, sem útskýra mjög nákvæmlega hvernig tækin eru tengd og stillt. En það var í fyrstu ekki alveg ljóst hvernig stilla ætti 4400SSi tækin fyrir stöðugar (static) mælingar og því eru stuttar leiðbeiningar í töflu 3.

Við mældum loftnetshæðir og skráðum þær á eyðublöð, sem Vegagerðin notar, auk þess sem þær voru færðar inn í minni tækjanna. Að mælingu lokinni voru loftnetshæðirnar mældar aftur og skráðar aftur á eyðublöðin. Sama tegund loftneta, 'L1/L2 Compact Antenna with Groundplane', var með öllum tækjunum. Þegar þrífæti var stillt upp yfir bolta í jörð, voru skálfjarlægðir mældar á 3 stöðum frá boltanum að neðri brún á 'groundplane' inni í raufum yst á plötunni, allir álestrar voru skráðir og meðaltalið fært 'uncorrected' í minni viðtækisins.

Þegar stillt er yfir bolta í stöpli eða 'stokkplata' fest ofan á signalstokk, er loftnetshæðin lóðrétt fjarlægðin frá boltanum að 'phase center', en það er 7 mm yfir neðra borði 'groundplane' á þessum loftnetum. Loftnetshæðin getur þá verið summa af einum fjórum tölum, sem allar ber að skrá á eyðublaðið. Upplýsingar um loftnetshæðir og fleira varðandi mælingarnar er að finna í töflu 4. Þar stendur 'u' fyrir 'uncorrected' og 't' fyrir 'true'. Athugasemdir eru gerðar t. d. þar sem loftnetshæð hefur ekki verið skráð rétt í viðtæki, en leiðrétt við úrvinnslu.

### Tafla 3. 4400SSi og TDC1

#### ■ Skerpa á skjá TDC1: FUNC -> eða FUNC <-

#### ■ Grunnstilling gerð í TDC1 mælitölvunni

CNFG og

SURVEY CONTROL

Antenna Type = L1/L2 Comp. w. Groundplane

Mode = Advanced

Part no. (loftnet) = 78192 (Rover), 76635 (Base)

Real Time Method = None

Postprocessing = Fast Static

Base Logging in = Handheld

Rover Logging in = Handheld

Quality Control = None

Elevation Mask = 15°

PP Epoch Interval = 15 sec

PDOP = 7

Auto Filename = No

4400/7400 Receivers = Yes

#### ■ Stillt upp yfir fastmerki (ekki útlistað hér)

#### ■ Ræsa móttakara

Kveikja á viðtæki 4400SSi og TDC1 mælitölvu

SURV

Start Base Receiver

Job Name

Pt = númer

Cd code = t.d. stöpull eða bolti

Ant ht (Uncor) = meðalfjarlægð skáhalt frá bolta að

neðri brún á 'groundplane' í raufum á 3 stöðum eða

Ant ht (True) = lóðrétt fjarlægð frá bolta í stöpli að

'phase center' (7 mm yfir neðra fleti 'groundplane')

Filename = dagnúmer, punktnúmer, lota

Enter og mæling er hafin

Clear þegar mæling er búin

#### ■ Gögn lesin í ferðatölvu

Ferðatölva, OSM hleðslutæki tengt við rafmagn

Tölvusnúra tengir hleðslutæki og ferðatölvu

TDC1 handtölva tengist Trimble hleðslutæki

með stuttri millisnúru í langa svarta snúru

TDC1 er sett í COMM ham og Data Transfer

GPLoad forritið flytur gögnin í ferðatölvuna

Tvö afrit af gögnunum flutt á disklinga

Tafla 4. GPS-mælingar 1997 - Loftnetshæðir o. fl.								
				Stöð / Skrá / Loftnetshæð / Athugasemd				
Dags.	Dagur	Lota	Tími	LM	LV	PS	VR1	VR2
20/8	232	10	1530-1800	7462 74622321 1.063 u	0343 03432322 0.126 t	7460 74602322 1.441 u	0346 03462321 0.125 t	5610 56102321 1.503 u
21/8	233	1	1000-1230	7150 71502331 1.071 u	7151 71512331 1.206 u	5713 75132331 1.432 u	0336 03362331 0.126 t	0339 03392331 0.124 t
21/8	233	1A	1530-1800	5701 57012331 1.152 u hæð!	5704 57042332 0.981 u	5713 57132332 1.432 u	0336 03362332 0.126 t	0339 03392332 0.124 t
22/8	234	7	1000-1230	7013 70132341 0.892 u hæð!	FK 54382341 1.158 u	BF 54332341 1.207 u	7012 70122341 1.425 u	0342 03242341 0.123 t
22/8	234	13	1530-1800	SKJL 01762341 1.150 t hæð!	7010 70102342 1.227 u	7012 70122342 1.476 u	SK 71492341 1.517 u	0340 03402341 0.122 t
23/8	235	6	1000-1230	FRF 53572351 0.968 u	AX 71482351 1.271 u	THJO 01662351 1.377 t	7012 70122351 1.384 u	7442 74422351 1.474 u
23/8	235	5	1600-1830	DJ 54662351 1.021 u	ALFT 53052352 1.057 t	ADA 58732352 1.417 u	8434 84342351 1.293 u	7472 74722351 1.470 u
24/8	236	2	1000-1230	7152 71522361 1.045 u	7449 74492361 1.373 u	5464 54642361 1.628 u	0336 03362361 0.125 t glatað!	0339 03392361 0.124 t
24/8	236	2A	1530-1800	7449 74492362 1.142 u	L025 57252362 1.159 u	L021 57212362 1.580 u	0336 03362362 0.125 t	0339 03392362 0.124 t
25/8	237	3	1000-1230	2053 20532371 1.062 u	L027 57272371 1.346 u	7450 74502371 1.551 u	0341 03412371 0.124 t	0339 03392371 0.124 t
25/8	237	4	1530-1800	2053 20532372 1.062 u	L045 57452372 1.294 u	L031 57312372 1.498 u	0341 03412372 0.124 t	L042 57422371 1.319 u
26/8	238	8	1000-1230	FH 54412381 0.980 u	SNF 58022381 1.371 u	NAL 54572381 1.405 u	0518 05182381 1.374 u	0342 03422381 0.123 t
26/8	238	9	1530-1800	STL 56402381 1.191 u	HVA 56352382 1.076 u	GVS 56342382 1.577 u	0342 03422382 0.125 t	0341 03412381 0.122 t
27/8	239	14	1000-1230	7492 74922391 0.775 u	7263 72632391 1.394 u	5621 56212391 1.358 u	0342 03422391 0.125 t	0341 03412391 0.122 t
27/8	239	14A	1500-1730	5877 58772391 1.002 u	5624 56242392 1.379 u	5621 56212392 1.358 u	0342 03422392 0.125 t	0341 03412392 0.122 t
28/8	240	16	0900-1200	0338 03382401 0.125 t	F001 00012401 1.421 u	5434 00022401 2.173 t númer!		0339 03392401 0.124 u

## 4. ÚRVINNSLA

Úrvinnsla mælinganna fór fram með forriti GPSurvey frá Trimble. Annars vegar var reiknað út úr mælingunum hjá Vegagerðinni og hins vegar á Orkustofnun með hugbúnaði að láni frá Landsvirkjun.

Að úrvinnslunni lokinni leiddi samanburður hnita og hæða í ljós mest 12 mm mismun á niðurstöðum Orkustofnunar og Vegagerðarinnar. Ástæðan er mismunandi val á rúmvektorum við útreikningana. Ekki er ástæða til að gera upp á milli lausnanna tveggja, en niðurstöður Orkustofnunar eru notaðar hér þar sem skýrslan var gerð á Orkustofnun.

### 4.1 Rúmvektorar

Úrvinnslan hófst með því að eyðublöð með loftnetshæðum voru skoðuð og upplýsingar á þeim færðar í töflu 4, sem síðan var notuð við framhald vinnslunnar þegar mæligögnin voru lesin af disklingum. Þá þurfti að leiðrétta loftnetshæðir á nokkrum stöðum í samræmi við töfluna. Í ljós kom að mæligögnin í einni mælingu höfðu glatast eins og kemur fram í töflu 4. Ein lotan var ýmist kölluð 14A eða 15 samkvæmt áritun á disklinga.

Við útreikning rúmvektora með forriti WAVE (baseline processor) voru notaðar upplýsingar frá gervitunglum um brautir þeirra o. fl. (broadcast ephemerides) og reiknaðir rúmvektorar voru valdir í stað þess að láta hugbúnaðinn um það. Yfirleitt voru valdir fjórir vektorar milli tækjanna fimm og fimmti vektorinn til prufu til að mynda lokaðan marghyrning.

Úrvinnslan gekk snurðulaust, nema í lotu 14A. Eftir að mælingamenn Vegagerðarinnar höfðu samband við leiðbeinendur hjá Trimble, voru aðeins 40 síðustu mínúturnar í lotunni notaðar. Þá gekk úrvinnslan vel og niðurstaðan var sem næst sama og hægt er að fá með tveimur nothæfum rúmvektorum (5621-5877 og 5621-5624) úr tveggja og hálfis tíma mælingu í sömu lotu.

Á öðrum stað, í lotu 5, virðast skilyrði til mælinga ekki hafa verið eins góð og víðast annars staðar. Þar tókst ekki að festa bylgju-fjöldi í rúmvektor milli grunnstöðvanna í Herðubreiðarlindum og Kverkfjöllum. Fjórir rúmvektorar gegnum stöðvar milli grunnstöðvanna eru þó í lagi, en 61 millimetra munar á hæðarmun grunnstöðvanna, annars vegar samkvæmt þessum mælingum og hins vegar samkvæmt mælingunum í grunnstöðvanetinu 1993.

Í viðauka I er úrdráttur úr þeim upplýsingum, sem hægt er að ná út úr WAVE. (Hægt er að fá miklu ítarlegri upplýsingar þegar þörf er á því). Þær lúta að mælingunum sjálfum áður en þeim er jafnað. Þar er hægt að fræðast um einstaka rúmvektora, meðal annars vektorana sjálfa í þrívíðu jarðmiðjukerfi og ferveiksfylki þeirra.

### 4.2 Jöfnun

Flestir vektorar í viðauka I voru síðan notaðir við jöfnun mælinganna. Á mynd 2 eru rúmvektorar, sem notaðir voru við jöfnun, sýndir sem heildregnar línur, en rúmvektorar reiknaðir til prufu (án þess að hafa áhrif á hnit stöðva) eru sýndir sem slitróttar línur.


Baugahnit í grunnstöðvanetinu, sem mælt var 1993, eru reiknuð á sporvölu GRS80, sem er alþjóðlegur staðall. En ekki munar nema broti úr millimetra á hálfásum hennar og sporvölunnar í kerfi WGS84. Þess vegna er hægt að reikna í kerfi WGS84, ef gengið er út frá baugahnitum í grunnstöðvanetinu, og niðurstöður útreikninganna, jöfnuð baugahnit og hæðir, miðast þá einnig við sporvölu GRS80. Ennfremur er enginn munur á mælikvarða eða stefnum í þrívíðu rúmi í grunnstöðvanetinu og því kerfi, sem gangur gervitunglanna miðast við.

Við jöfnunina voru hnit (lega og hæð) grunnstöðva samkvæmt mælingunum 1993 látin standa óbreytt, en nýju mælingunum þvingað milli þeirra.

□ ISNET93, stöpuill

● ISNET93, bolti

▲ þríhyrningapunktur



Mynd 2. Jöfnun GPS-mælinga

Tafla 5. Yfirlit yfir niðurstöður jöfnunar										
Atriði	Skipting lota á mælisvæði við jöfnun									
	1,1A 2,2A	3,4 16	5	6	7 13	8,9 14	10	14A	11	12
Skekkjustuðull	6,0	7,5	19,5	6,8	6,6	11,8	17,0	4,8	1,0	1,0
Fjöldi mællína	15	11	4	4	8	12	4	4	2	2
Stærsta leiðrétting stefnu (")	0,14	0,14	0,02	0,04	0,08	0,18	0,04	0,23	-	-
Stærsta leiðrétting lengdar (mm)	4	5	3	2	3	4	7	8	-	-
Stærsta leiðrétting hæðarauka (mm)	19	11	23	6	8	9	26	9	-	-
Stærsta hlutfall hálfáss í staðalellipsu á móti lengd vektors (ppm)	1,15	0,83	1,20	0,45	0,66	1,09	1,21	1,25	0,17	0,68
Stærsta staðalfrávik hæðarauka (mm)	9	14	20	7	8	23	25	10	4	4
$\tau$ -gildi	2,82	2,50	1,72	1,41	2,29	2,51	1,72	2,23	-	-
Útlagar	(3)	0	0	0	0	0	0	0	-	-
Þekktar stöðvar	2	3	2	2	3	3	2	3	1	1
Reiknaðar stöðvar	10	8	3	3	6	9	3	2	2	2
Stærsti hálfás staðalellipsu (mm)	5	6	8	4	4	11	13	6	4	2
Stærsta staðalfrávik hæðar (mm)	9	13	20	8	9	23	32	8	6	3
Frívídd	15	9	3	3	6	9	3	6	-	-
95%-stuðull fyrir eina vídd	2,13	2,26	3,18	3,18	2,45	2,26	3,18	2,45	-	-
95%-stuðull fyrir tvær víddir	2,71	2,92	4,37	4,37	3,21	2,92	4,37	3,21	-	-
Nothæfur mælitími í lotu 14A var 40 mínútur, en minnst 2 klst í öðrum lotum.										



Tafla 6. Stillingar og aðgerðir við jöfnun	
ADJUSTMENT MENU	
Adjust Network	Notað þegar mælingum er jafnað eftir stillingar í samræmi við það sem segir neðar í þessari töflu.
Coordinate Fix Status	Slá inn baugahnit og hæðir yfir sporvölu fyrir þekktar stöðvar og festa YXH-hnit þeirra (ALT-F5).
Observations Disable/Enable	Sleppa (Disable = Y) öllum þremur hnitum þeirra rúmvektora sem reiknaðir voru til prufu.
Compute Observation Closures	Notast ekki.
Variance Component Strategy	Notast ekki.
Weighting Strategy Scalar	Nota stillinguna 'alternative' og jafna nokkrum sinnum þar til 'global reference factor' nálgast 1,0 og 'global scalar' nálgast stöðugt gildi. Það er loks notað sem 'user-defined' gildi þegar mælingunum er jafnað í síðasta sinn.
Station Weighting	Nákvæmni við mælingu loftnetshæða er áætluð 0,003 m og nákvæmni við lóðun 0,002 m fyrir allar mælistöðvar.
Transformation Strategy Edit a Parameter Group	Set 'APPLY = no' fyrir 'longitude deflection', 'latitude deflection', 'azimuth rotation' og 'network scale'.
Special Controls Global Adjustment Controls	'Restrict covariance values to observed lines: Y' 'Univariate sigma scalar: 1.0000' 'Bivariate sigma scalar: 1.0000'
Definition of Precision Horizontal	'Express precision as: ppm' 'Propagated linear error: Canadian'
3-dimensional	'Express precision as: ppm' 'Propagated linear error: Canadian'

Ýmsar upplýsingar varðandi jöfnun mælinganna eru í töflu 5. Varðandi 'skekkjustuðul' (global scalar) og  $\tau$ -gildi vísast til handbóka með GPSurvey. Hár skekkjustuðull getur stafað af ósamræmi milli mælinga og gefinna stærða, hnita og hæða grunnstöðvanna í þessu tilviki. Hann er hár í lotu 5 í samræmi við það sem áður segir varðandi mælingar í þeirri lotu. Svipað gildir í lotu 10, en þar tókst þó að festa bylgjufjölda 5 rúmvektora, sem reiknaðir voru.

Hæðarmælingum í lotum 1 og 1A á Úthéraði ber ekki vel saman, þannig að þrjár hæðarmælingar í lotu 1A lenda rétt utan  $\tau$ -marka. Þær ber því að skoða sem meinta útlaga. Mest munar tæpum 2 cm á hæðarmælingu og jöfnuðum hæðarmun milli stöðva. Við sáum ekki betri leið en að nota jöfnuðu hæðirnar og dæma mælingarnar gildar.

Í öllum þessum tilvikum, þ. e. í lotum 1, 1A, 5 og 10 er um að ræða ósamræmi í hæðum en ekki legu, enda eru hæðarskekkjur við GPS-mælingar oft taldar vera þremur sinnum stærri en skekkjur í legu. Við teljum að mælingarnar þjóni tilgangi sínum vel, en tveggja klukkustunda mælingar nægja ekki til að fylgjast með hugsanlegum hæðarbreytingum í grunnstöðvanetinu. Mælt var í 8 klst í grunnstöðvanetinu 1993.

Í töflu 5 eru notuð staðalfrávik og hálfásar staðalellipsa ( $1\sigma$  skekkjumörk). Margfalda þarf staðalfrávik hæðar, sem gefin eru í töflu 5, með '95%-stuðul fyrir eina vídd' til að fá 95% skekkjumörk hæðar og margfalda þarf hálfása í staðalellipsu með '95%-stuðul fyrir tvær víddir' til að fá hálfása í ellipsu, sem svarar til 95% líka. Aðrar stærðir í töflunni þarfnast ekki skýringar.

Í töflu 6 eru sýndar stillingar, sem notaðar voru við jöfnun mælinganna. Við vekjum sérstaka athygli á liðnum 'Transformation Strategy/Edit a Parameter Group', þar sem stillingar eru aðrar en höfundar forritsins hafa valið sem sjálfgefnar. Hér á landi er hið nýja landsnet mælt með GPS-mælingum, en víðast annars staðar þarf að fella GPS-mælingar inn í landsnet mælt með hefðbundnum mælingum.

## 5. NIÐURSTÖÐUR

Baugahnit og hæðir yfir sporvölu GRS80 eru í töflu 7. Baugahnitin eru í hinu nýja landsneti með viðmiðun ÍSN93.

Keiluhnít og hæðir yfir sporvölu GRS80 eru í töflu 8. Keiluhnítin eru í hinu nýja landsneti með viðmiðun ÍSN93. Hnitakerfið fæst með einslaga vörpun Lamberts af sporvölu GRS80 á keilu, og eru topphorn keilunnar og stærðarhlutfall við vörpun valin þannig að mælikvarði á breiddarbaugum  $64^{\circ}15'N$  og  $65^{\circ}45'N$  hafi gildið 1. Mynd punktsins með breidd  $65^{\circ}N$  og lengd  $19^{\circ}V$  fær keiluhnítin (500000, 500000) í metrum og ásar kerfisins stefna austur og norður í þeim punkti.

Eins og áður segir, eru hæðir í töflum 7 og 8 yfir sporvölu. Hæðir mælistöðvanna yfir sjó eru til samkvæmt þríhyrningamælingum Orkustofnunar. Einnig hefur þyngdarmældur láflötur (geóíða) verið reiknaður samkvæmt þyngdarmælingum Orkustofnunar. Hliðrun þyngdarmælda láflatarins (-1,17 m) hefur og verið reiknuð á Orkustofnun samkvæmt þeim gögnum, sem til voru fyrir gerð þessarar skýrslu. Með 'láflæti' er hér eftir átt við hliðraðan þyngdarmældan láflöt.

Hæðir mælistöðvanna 1997-1998 yfir sjó voru reiknaðar samkvæmt GPS-mælingunum og hæðum láflatarins og niðurstöður bornar saman við hæðir yfir sjó mældar með hefðbundnum mælingum. Í flestum mælistöðvum munar innan við 0,2 m, en í átta stöðvum munar 0,2–0,4 m og á Nálhúshnjúkum og Fremstafelli munar yfir hálfum metra. Á Fremstafelli hafa hugsanlega orðið hæðarbreytingar samfara Kröflueldum, en hefðbundnar hæðarmælingar á Nálhúshnjúkum voru ekki góðar, enda hefur hæð þeirrar stöðvar ekki verið notuð við kortagerð.

Endurreikna þarf þríhyrninganet Orkustofnunar á Austurlandi með viðmiðun ÍSN93 og með GPS-mældum stöðvum sem þekktum punktum. Þá fyrst verður hægt að reikna hornpunkta kortblaða í keiluhnítum með viðmiðun ÍSN93. Gerð verður önnur skýrsla að þeim verkum loknum.

Tafla 7. Baugahnit og hæðir yfir sporvölu

Stöð	Breidd	Lengd	Hæð
OS-F001	65°14'37.02390"N	14°02'02.24537"W	131.689 <sup>e</sup>
LM0166	65°29'28.99760"N	15°39'22.70159"W	1102.615 <sup>e</sup>
LM0176	65°19'09.94555"N	15°12'11.75810"W	859.871 <sup>e</sup>
OS2053	65°09'05.30758"N	14°43'37.65065"W	246.301 <sup>e</sup>
OS5017	65°30'04.40592"N	16°06'24.41491"W	940.382 <sup>e</sup>
OS5305	65°01'59.49989"N	15°55'48.66225"W	979.491 <sup>e</sup>
OS5357	65°21'29.01557"N	16°05'30.67385"W	630.050 <sup>e</sup>
OS5425	64°51'44.81918"N	14°56'41.82188"W	1024.481 <sup>e</sup>
OS5433	64°57'00.91160"N	15°41'36.49005"W	900.867 <sup>e</sup>
OS5434	65°13'24.16800"N	14°15'31.84289"W	1014.497 <sup>e</sup>
OS5438	65°01'22.45966"N	15°35'35.50918"W	900.785 <sup>e</sup>
OS5441	64°45'03.01303"N	15°43'03.34407"W	1071.939 <sup>e</sup>
OS5457	64°51'33.90047"N	15°30'42.86901"W	1228.587 <sup>e</sup>
OS5460	64°42'32.12370"N	14°59'24.69141"W	1040.066 <sup>e</sup>
OS5464	65°26'45.07211"N	14°31'58.42545"W	283.770 <sup>e</sup>
OS5466	64°52'39.09356"N	16°55'33.47347"W	919.732 <sup>e</sup>
OS5610	64°46'24.35462"N	14°25'12.31924"W	98.800 <sup>e</sup>
OS5621	64°59'00.94255"N	15°05'17.37936"W	135.302 <sup>e</sup>
OS5624	65°00'48.23983"N	14°59'22.66102"W	113.284 <sup>e</sup>
OS5634	65°00'19.52848"N	15°10'40.48812"W	706.711 <sup>e</sup>
OS5635	65°01'33.21732"N	15°07'42.69008"W	704.656 <sup>e</sup>
OS5640	64°55'41.82245"N	15°20'57.41912"W	730.772 <sup>e</sup>
OS5701	65°32'15.79062"N	14°20'21.33554"W	119.818 <sup>e</sup>
OS5704	65°29'59.03979"N	14°22'47.60404"W	113.310 <sup>e</sup>

Tafla 7. Baugahnit og hæðir yfir sporvölu (framhald)

Stöð	Breidd	Lengd	Hæð
OS5713	65°22'19.58123"N	14°22'06.92478"W	125.898 <sup>e</sup>
OS5721	65°16'09.01923"N	14°21'03.36994"W	160.684 <sup>e</sup>
OS5725	65°14'06.84330"N	14°27'01.51450"W	152.921 <sup>e</sup>
OS5727	65°11'31.88804"N	14°29'43.28394"W	118.856 <sup>e</sup>
OS5731	65°08'54.34120"N	14°38'18.00565"W	113.377 <sup>e</sup>
OS5742	65°02'53.06451"N	14°55'59.34326"W	108.136 <sup>e</sup>
OS5745	65°00'42.21301"N	14°56'51.60304"W	105.075 <sup>e</sup>
OS5802	64°47'45.44939"N	15°29'30.25291"W	787.229 <sup>e</sup>
OS5873	65°11'07.12441"N	16°05'27.08404"W	777.717 <sup>e</sup>
OS5877	64°55'45.58810"N	15°18'23.68893"W	713.179 <sup>e</sup>
OS7001	65°33'39.57246"N	15°55'24.64886"W	794.696 <sup>e</sup>
OS7010	65°18'20.87817"N	15°22'43.15227"W	718.537 <sup>e</sup>
OS7013	65°08'52.16436"N	15°33'58.76459"W	703.236 <sup>e</sup>
OS7148	65°26'50.54259"N	15°31'11.70472"W	699.504 <sup>e</sup>
OS7149	65°20'49.14500"N	15°20'04.76710"W	743.580 <sup>e</sup>
OS7150	65°34'06.42732"N	14°17'31.59487"W	129.556 <sup>e</sup>
OS7151	65°34'10.30221"N	14°03'32.50396"W	175.994 <sup>e</sup>
OS7152	65°36'47.11277"N	14°28'33.67595"W	145.216 <sup>e</sup>
OS7263	64°48'46.63132"N	15°25'29.65057"W	725.966 <sup>e</sup>
OS7449	65°26'17.06174"N	14°36'31.62507"W	192.937 <sup>e</sup>
OS7450	65°00'56.05536"N	14°38'21.59604"W	530.495 <sup>e</sup>
OS7460	64°38'06.91353"N	14°29'13.70430"W	161.008 <sup>e</sup>
OS7462	64°34'57.51205"N	14°37'20.17098"W	168.630 <sup>e</sup>
OS7492	64°50'23.89168"N	15°37'18.07789"W	913.664 <sup>e</sup>

Tafla 8. Keiluhnitt og hæðir yfir sporvölu

Stöð	Austur	Norður	Hæð
OS-F001	731883.456	536272.313	131.689 <sup>e</sup>
LM0166	654757.214	558877.618	1102.615 <sup>e</sup>
LM0176	676852.441	540924.263	859.871 <sup>e</sup>
OS2053	700263.922	523657.562	246.301 <sup>e</sup>
OS5017	633873.222	558944.539	940.382 <sup>e</sup>
OS5305	644571.273	507211.498	979.419 <sup>e</sup>
OS5357	635297.499	543031.392	630.050 <sup>e</sup>
OS5425	692134.543	490829.938	1024.481 <sup>e</sup>
OS5433	656192.821	498539.810	900.867 <sup>e</sup>
OS5434	721571.790	533216.140	1014.497 <sup>e</sup>
OS5438	660488.666	506879.033	900.785 <sup>e</sup>
OS5441	656207.972	476279.201	1071.939 <sup>e</sup>
OS5457	665319.348	488889.507	1228.587 <sup>e</sup>
OS5460	691078.698	473612.381	1040.066 <sup>e</sup>
OS5464	707035.127	557024.981	283.770 <sup>e</sup>
OS5466	598265.658	487958.425	919.732 <sup>e</sup>
OS5610	717680.612	482630.449	98.800 <sup>e</sup>
OS5621	684522.651	503882.043	135.302 <sup>e</sup>
OS5624	688953.671	507489.311	113.284 <sup>e</sup>
OS5634	680147.176	506052.232	706.711 <sup>e</sup>
OS5635	682332.452	508471.567	704.656 <sup>e</sup>
OS5640	672575.519	496989.327	730.772 <sup>e</sup>
OS5701	715239.115	567887.615	119.818 <sup>e</sup>
OS5704	713675.373	563525.886	113.310 <sup>e</sup>

Tafla 8. Keiluhnitt og hæðir yfir sporvölu (framhald)

Stöð	Austur	Norður	Hæð
OS5713	715238.594	549372.763	125.898 <sup>e</sup>
OS5721	716900.773	537987.946	160.684 <sup>e</sup>
OS5725	712539.515	533876.400	152.921 <sup>e</sup>
OS5727	710785.500	528939.495	118.856 <sup>e</sup>
OS5731	704442.279	523602.955	113.377 <sup>e</sup>
OS5742	691362.512	511516.838	108.136 <sup>e</sup>
OS5745	690939.955	507429.132	105.075 <sup>e</sup>
OS5802	666666.784	481878.868	787.229 <sup>e</sup>
OS5873	636229.829	523794.567	777.717 <sup>e</sup>
OS5877	674585.061	497222.994	713.179 <sup>e</sup>
OS7001	642022.632	566000.968	794.696 <sup>e</sup>
OS7010	668779.031	538927.841	718.537 <sup>e</sup>
OS7013	660997.340	520853.404	703.236 <sup>e</sup>
OS7148	661333.466	554318.307	699.504 <sup>e</sup>
OS7149	670561.169	543630.030	743.580 <sup>e</sup>
OS7150	717157.620	571466.020	129.556 <sup>e</sup>
OS7151	727878.025	572406.104	175.994 <sup>e</sup>
OS7152	708333.406	575810.530	145.216 <sup>e</sup>
OS7263	669731.419	483948.332	725.966 <sup>e</sup>
OS7449	703583.856	555913.158	192.937 <sup>e</sup>
OS7450	705416.482	508823.446	530.495 <sup>e</sup>
OS7460	715597.868	467036.374	161.008 <sup>e</sup>
OS7462	709558.482	460731.347	168.630 <sup>e</sup>
OS7492	660237.109	486442.066	913.664 <sup>e</sup>

## 6. HEIMILDIR

Landmælingadeild Orkustofnunar 1972: *Þrífyrninganet við Snjóholt á Héraði. Mælt fyrir Flugmálastjóra.* Orkustofnun. (Handrit hjá ROS/LM).

Landmælingadeild Orkustofnunar, Forverk hf 1976: *Landmælingar við Lagarfljót 1955-1975.* Orkustofnun 1976, OS-ROD-7619.

Landmælingadeild Orkustofnunar 1976: *Surveying and mapping of Berufjörður area.* Orkustofnun, OS-ROD-7644. (Handrit hjá ROS/LM).

Landmælingadeild Orkustofnunar 1977: *Ground control for mapping of Jökuldalur in scale 1:20.000.* Orkustofnun, OS-ROD-7705, 37 s. (Handrit hjá ROS/LM).

Gunnar Thorbergsson 1981: *Mapping of Möðrudalur in Northeast Iceland.* Orkustofnun, GP-81/04, 43 s. (Handrit hjá ROS/LM).

Gunnar Thorbergsson, Asgeir Gunnarsson 1981: *Mapping of Jökuldalsheiði in Northeast Iceland.* Orkustofnun, GP,AG-81/05, 37 s. (Handrit hjá ROS/LM).

Gunnar Þorbergsson 1981: *Endurreiknað þrífyrninganet Landmælinga Íslands á Austfjörðum.* Orkustofnun, GP-81/06. (Handrit hjá ROS/LM).

Gunnar Þorbergsson 1988: *Landmælingar vegna kortagerðar á Fljótsdalshéraði sumarið 1987.* Orkustofnun, OS-88003/VOD-02 B, 22 s.

Gunnar Þorbergsson 1990: *Fljótsdalsvirkjun. Hæðarnet og þrífyrninganet á Fljótsdalshéiði.* Orkustofnun, OS-90025/VOD-06 B, 68 s.

Gunnar Þorbergsson 1991: *Fljótsdalsvirkjun. Mælingar vegna kortagerðar við Hölná og Grjóta.* Orkustofnun, OS-91003/VOD-01 B, 17 s.

Gunnar Þorbergsson, Ingvar Þór Magnússon 1997: *Stöðvarlýsingar í grunnstöðvaneti 1993.* Landmælingar Íslands.

Ingvar Þór Magnússon, Gunnar Þorbergsson, Jón Þór Björnsson 1997: *GPS-mælingar í grunnstöðvaneti 1993 og ný viðmiðun ISN93 við landmælingar á Íslandi.* Landmælingar Íslands, 46 s.

Gunnar Þorbergsson 1998: *Skjálfandi og Austurland. 2°-net. Desember 1971. (Listun úr tölvu IBM-1620)* Orkustofnun. (Handrit hjá ROS/LM).

Trimble Navigation Limited:

*GPS Surveying General Reference.*

*4000SSE User Guide.*

*4400 Reference Manual.*

*Survey Controller Operation Manual.*

*Quick Plan/Plan Software User's Guide.*

*GPSurvey Software User's Guide.*

*WAVE Software User's Guide.*

*TRIMNET Plus Survey Network Software User's Guide.*

## **VIDAUKI I: Mældir rúmvektorar**



```

=====
Project:                Úthérað, lotur 1, 1A, 2, 2A
-----
From Station           To Station           Solution           Slope           Ratio           Reference
Short Name            Short Name            Type               Type              Ratio           Variance
0336                  5713                 Iono free fixed   24476.337       7.7             1.442
0336                  7150                 L1 fixed          4814.278        8.6             8.340
0336                  7449                 Iono free fixed   20118.939       34.6            0.462
